

Borgarstjórn
19. júní 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um afnám áhrifa byggingarréttargjalds á byggingarkostnað félagslegra íbúða og íbúða sem byggðar eru af óhagnaðardrífnum leigufélögum

Lagt er til að Reykjavíkurborg eyði verðhækkunaráhrifum byggingarréttargjalds af byggingu félagslegra íbúða og íbúða sem byggðar eru af óhagnaðardrífnum leigufélögum með því að hækka stofnframlag sitt til þessara félaga sem nemur álagningu byggingarréttargjaldsins.

Greinargerð

Álagning 45 þ.kr. byggingarréttargjalds á byggingu félagslegra íbúða og íbúða sem byggðar eru af óhagnaðardrífnum leigufélögum stórhækkar húsleigu og er í raun skattlagning á hina verr settu í borginni. 45 þ.kr. gjald á hvern fermetra í 70 fermetra íbúð hækkar byggingarkostnað um 3.150 þ.kr. Miðað við lægstu vexti í dag má ætla að þetta gjald hækki þar með húsaleigu svona íbúðar um 17-20 þ.kr. á mánuði. Hækkunin verður meiri ef vextir hækka. Þetta gjald er því skattlagning á verst settu íbúum borgarinnar, þeim sem uppbygging óhagnaðardrífna leigufélaga og félagslegs íbúðakerfis er ætlað að bæta lífskjörin hjá. Með þessu gjaldi er borgin því að skerða lífskjör hinna verst stæðu innan kerfis sem í fljótu bragði virðist ætlað að bæta kjör þeirra. Það er óverjandi að hin verst settu séu ein látin standa undir kostnaðinum við félagslegt húsnæðiskerfi. Lagt er til að aukið stofnframlag til óhagnaðardrífna leigufélaga verði fjármagnað með hækkun byggingarréttargjaldsins, þannig að verktakar og byggingarfélög sem byggja húsnæði fyrir ferðamenn og hin efnameiri fjármagni að hluta uppbyggingu hins félagslega húsnæðiskerfis.